

ATHAFNASVÆÐI Á ÁRSKÓGSSANDI

Lýsing fyrirhugaðrar breytingar á Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 og vinnslu deiliskipulags

Janúar 2017



DALVÍKURBYGGÐ



**TEIKNISTOFA
ARKITEKTA**
GYLFI GUÐJÓNSSON
OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí

Efnisyfirlit

1. Yfirlit	3
1.1 Umsókn og forsendur hennar.....	3
2. Forsendur	7
2.1 Staðhættir	7
2.2 Fornminjar	8
3. Aðrar skipulagsáætlanir.....	9
3.1 Deiliskipulag	9
3.2 Aðalskipulags Dalvíkurbyggðar 2008-2020.....	9
3.3 Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024	11
3.4 Landsskipulagsstefna	11
4. Meginatriði breytinga	12
4.1 Breytingar á skipulagsuppdráttum	12
4.2 Breytingar á greinargerð	12
4.3 Deiliskipulag	12
5. Áhrifamat, umhverfisskýrsla	13
6. Skipulagsferli	14
6.1 Kynning og samráð.....	14
6.2 Tímaáætlun	14
6.3 Ábendingar og athugasemdir	15

1. YFIRLIT

Umhverfisráð Dalvíkurbyggðar hefur tekið jákvætt í erindi Laxós ehf. um lóð fyrir seiðaeldisstöð við ósa Þorvaldsdalsár á Árskógssandi. Breyta þarf Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 þannig að þar verði skilgreint athafnasvæði. Auk þess þarf að vinna deiliskipulag svæðisins. Svæðið er á mörkum þéttbýlisuppráttar Árskógssands en er að mestu leyti á sveitarfélagsupprætti aðalskipulagsins.

Í lýsingu þessari er gerð grein fyrir helstu forsendum, meginatriðum fyrirhugaðra breytinga, líklegum áhrifum þeirra og skipulagsferli. Með framlagningu og kynningu lýsingar í upphafi verks er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við gerð skipulagsins áður en gengið verður frá tillögu til afgreiðslu og auglýsingar.

1.1 UMSÓKN OG FORSENDUR HENNA

Sótt er um svæði til þess að reka eldisstöð fyrir sjógönguseiði sem síðan fara í sjókvíar í öðrum eldisstöðvum. Í fyrri áfanga er miðað við að framleiddar verði og afhentar um 3 milljónir sjógönguseiða (árið 2020) sem er um 6-800 tonna lífmassi. Miðað er við að hægt verði að framleiða allt að 1.200 tonn af lífmassa, þ.e. sjógönguseiða og/eða unglaxa á ári í fullbyggðri stöð.

Verkefnið er tilkynningarskylt til Skipulagsstofnunar skv. lið 1.11 í 1. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Skipulagsstofnun metur með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort það skuli háð mati á umhverfisáhrifum.



1. mynd. Árskógssandur, yfirlitsmynd. Fyrirhugað deiliskipulagssvæði, um 5 ha, afmarkað með hvítri línu. 2 ha athafnasvæði seiðaeldisstöðvar er skyggt.

HELSTU FORSENDUR FYRIR REKSTRI STÖÐVARINNAR


- Nægjanlegt sjálfrennandi ferskt vatn.
 - Miðað er við vatnstöku úr brunni eða grunnri borholu upp með Þorvaldsdalsá.
- Heitt vatn á viðráðanlegum kjörum.
 - Vinnslusvæði Hitaveitu Dalvíkur og miðlunartankur er í um 1.500 m fjarlægð á Brimnesborgum. Stofnlögn hitaveitu liggur meðfram svæðinu.
- Lega við sjó, þar sem er aðdjúpt og skjólgott.
 - Stutt að sækja hreinan sjó allt árið.
 - Aðdjúpt. Brunnbátur getur lagst við ankeri við stöðina þegar seiði eru afhent til brottflutnings.
- Stutt í almenna þjónustu og höfn.
- Starfsfólk eigi kost á að búa nálægt vinnustað.

Staðsetningin við ós Þorvaldsdalsár uppfyllir öll þessi skilyrði. Auk þessa skiptir jákvæð afstaða sveitafélags og heimamanna miklu máli.

DRÖG AÐ FYRIRKOMULAGI MANNVIRKJA

Stöðin er áætluð í þrem meginhlutum (sjá mynd 2).

1. Klak-, starfðúrs- og seiðaeldisdeild í lokaðri skemmu, um 3.200 m².
2. Sjógönguseiðadeild, kerjapallur á útsvæði. Um 4.300 m².
3. Svæði til síðari stækkunar, kerjapallur og/eða skemma. Um 4.700 m².



2. mynd. Frumdrög/dæmi um fyrirkomulag mannvirkja. Númer vísa til megináfanga stöðvarinnar. Hugsanlegar aðkomuleiðir merktar með rauðum pílum. Miðað er við að að lóð eldisstöðvarinnar verði á landi sveitafélagsins. Skipulagssvæðið nær yfir á land Brimness þar sem skipulagsmörk miðast við á og ós en ekki eignamörk.

Ekki liggur fyrir tillaga að deiliskipulagi svæðisins. Á mynd 2 eru sýnd drög/hugmynd um fyrirkomulag mannvirkja og aðkomuleiðir.

Til greina koma tvær aðkomuleiðir. Annars vegar eftir núverandi vegslóða frá Aðalbraut niður í fjöru (4). Hann er brattur með halla um 1:8,4 eða 12%. Nauðsynlegt yrði að breikka aðkomuleiðina og hækka með fyllingu neðst í brekkunni. Á þessum slóðum eru margir merktir minjastaðir og viðbúið að lagfæring aðkomuleiðarinnar hefði talsverð áhrif á þá. Hins vegar er möguleg aðkomuleið frá Aðalbraut nokkru sunnar (5). Leiðin yrði sneiðingur niður bakkann og er unnt að fella hana nokkuð vel að landi.



3. mynd. Frumhugmyndir um mögulega vatnsöflun.

Gert er ráð fyrir að öflun á fersku vatni geti verið á svæðum sem merkt eru A og B á mynd 3. Annað hvort yrði grafinn brunnur eða borað eftir vatni. Lögn frá svæði B að stöðinni er um 700 m. Ef ekki reynist unnt að afla næganlegs vatns á þessum stöðum kemur til greina að taka vatn úr árbakkanum nokkru ofar með ánni.

ATRÍÐI SEM TAKA ÞARF SÉRSTAKLEGA MIÐ AF

- Nálægð við íbúðarbyggð.
 - Íbúðarhús standa uppi á bakkanum ofan svæðisins.
 - Stöðin mun hvorki valda hávaðamengun né lyktarmengun.
- Þrengsli.
 - Sjá staðháttalýsingu.
 - Frumdrög að fyrirkomulagi mannvirkja sýna að mögulegt er að koma þeim fyrir þrátt fyrir þröngar aðstæður.
- Verndarákvæði í aðalskipulagi.
 - Svæðið er innan hverfisverndar 807-Hv við Þorvaldsdalsá.
- Landbrot.
 - Sjóvarnargarður nær ekki að núverandi ósi Þorvaldsdalsár. Framlenging varnargarðs er forsenda landnýtingar.
- Minjavernd. Nokkrir minjastaðir eru skráðir við ströndina í aðalskrá fornleifa.
 - Unnin verður deiliskrá fornminja fyrir svæðið áður en gengið verður frá deiliskipulagstillögu.

2. FORSENDUR

2.1 STAÐHÆTTIR

Skipulagssvæði deiliskipulagsins og það svæði sem aðalskipulagsbreytingin tekur til er lágur flatlendur hvammur vestan ósa Þorvaldsdalsár. Hvammurinn er mótaður af ánni sem hefur runnið meðfram melnum, sem þorpið Árskógssandur stendur á. Í hvamminum mótast fyrir lænu eða gömlum farvegi árinna. Svæði er að mestu þurrt en hluti þess votlendur s.s. í gamla farveginum. Hvammurinn er gróinn en ekki nytjaður. Enginn trjágróður er á svæðinu.

Malarkambur er ofan fjörunnar og ver svæðið sjávangangi. Sjóvarnargarður er í fjörunni neðan byggðar vestan svæðisins. Með samanburði loftmynda frá 2000 og 2015 sést að fjaran og malarkamburinn hafa færst um 7 metra til suðurs inn á land á mótis við skipulagssvæðið á þeim tíma. Brattur vegslóði liggur frá Aðalbraut niður í fjöru, halli um 1:8,4 eða um 12%. Hann er með endurbótum möguleg aðkomuleið að eldisstöðinni.

Vestan svæðisins er um 7-8 m hár brattur bakki (halli um 1:2) sem markar jaðar byggðarinnar á Árskógssandi. Fimm einbýlishús standa nálægt bakkanum með útsýni til austurs yfir ána að Brimnesi og fjöllum handan fjarðar svo og til suðurs og suðvesturs til fjalla vestan fjarðar.

Íbúðarbyggðin á Árskógssandi er öll uppi á flatlendi ofan sjávarbakkans en brún hans er í um 10 m hæð yfir sjávarmáli. Þar eru nokkur einnar hæðar raðhús auk einnar og tveggja hæða einbýlishúsa.



4. mynd. Myndkort með 1m hæðarlínunum. Loftmyndir ehf. 2015

2.2 FORNMINJAR

Fyrir liggur fornleifaskráning svæðisins, svo nefnd aðalskráning, frá 2003.¹ Þar eru 12-14 skráðir minjastaðir í grennd þeirra mannvirkja, sem fyrirhuguð eru. Þetta eru aðallega heimildir um hús, bústaði og atvinnuhús, sem staðið hafa á sjávarkambinum eða utan í melnum upp af fjörunni vestan Þorvaldsdalsár. Unnið er að deiliskráningu minja á skipulagssvæðinu og mun minjaskrá liggja fyrir áður en gengið verður frá skipulagstillögum.

Við gerð deiliskipulags verður unnið úr og tekið mið af upplýsingum minjaskrár í samráði við Minjastofnun Íslands. Um framkvæmdir gildir tilkynningarskylda um áður ókunnar minjar sbr. 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.



5. mynd. Skráðir minjastaðir. Númer vísa í minjaskrá frá 2003.

¹ Fornleifaskráning í Eyjafirði XVIII: Fornleifar frá Skáldalæk í austanverðum Svarfaðardal, á Hámundarstaðahálsi og Árskógsströnd suður að Þorvaldsdal. Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Fornleifastofnun Íslands. FS204-99094, Reykjavík 2003.

3. AÐRAR SKIPULAGSÁÆTLANIR

3.1 DEILISKIPULAG

Ekkert deiliskipulag er í gildi í þessum hluta Árskógssands. Breytingin snertir því ekki gildandi deiliskipulag.

3.2 AÐALSKIPULAGS DALVÍKURBYGGÐAR 2008-2020

FYRIRLIGGJANDI ÁKVÆÐI

Eftirtalin ákvæði eru í gildandi aðalskipulagi um þá landnotkunarflokka, sem um ræðir. Kaflanúmer eru úr greinargerð aðalskipulagsins.

4.10.1 Landbúnaðarsvæði L1

Vegna grófrar afmörkunar landbúnaðarsvæða L1 eru innan þeirra stór opin svæði með ósnortnu landi. Á opnum svæðum utan girðinga og ræktarlunda verða hefðbundnar landnytjar landbúnaðarins heimilar með þeim takmörkunum sem felast í ákvæðum um verndarsvæði. Slík svæði eru auk þess opin til almennrar útivistar.

Nýrækt krefst ekki breytingar á aðalskipulagi en taka skal mið af verndarákvæðum vegna náttúrufars, minja og fornra samgönguleiða þar sem það á við.

Meginhluti nýs landnotkunarreits verður á svæði sem nú er skilgreint sem landbúnaðarsvæði L1. Ekki er um að ræða landbúnaðarland sem standa þarf vörð um vegna búvöruframleiðslu.

4.15 Óbyggð svæði

Óbyggð svæði eru opin svæði til almennrar útiveru. Þar er ekki gert ráð fyrir neinum mannvirkjum öðrum en vegslóðum, línulögnum (jarðstrengjum) og gangnamanna- og neyðarskýlum sbr. kafla 4.11. Skógrækt er þar heimil að teknu tilliti til þeirra takmarkana sem felast í náttúruvernd, minjavernd og vatnsvernd.

Sá hluti nýs landnotkunarreits sem verður innan núverandi þéttbýlismarka verður á svæði sem nú er skilgreint sem óbyggt svæði.

5.1.5. HVERFISVERNDARSVÆÐI

Almenn ákvæði um hverfisverndarsvæði:

Taka skal sérstakt tillit til þess sem vernda á á hverju svæði áður en leyfi er gefið fyrir framkvæmdum sem kunna að hafa í för með sér jarðrask eða varanlega breytingu á svæðinu þannig að tryggt verði að verndarmarkmið náist. Á hverfisverndarsvæðum verða hefðbundnar landnytjar áfram heimilar svo og gerð, viðhald og endurbætur nauðsynlegra mannvirkja vegna nýtingar landsins. Nánari hverfisverndarákvæði verða sett á skipulagstímabilinu.

Hverfisverndarsvæði 807-Hv:

807-Hv Brúarhvammur, Svínakeldur við Þorvaldsdalsá.

Vítt gil og hefst það um brúna og Þorvaldsárfoss. Tæplega 60 ha.

Ákvæði: Verndun sérstakra landslagsgerða jarðmyndanna og stórbrotins landslags og fjölbreyttra náttúruminja.

Svæðið var skilgreint sem útivistasvæði í aðalskipulagi Árskógshrepps 1998-2010

Meginhluti nýs landnotkunarreits, vatnstökusvæði og vatnslögn verður á svæði sem nú er skilgreint sem hverfisverndarsvæði 807-Hv. Gert er ráð fyrir að mörkum hverfisverndarsvæðisins verði breytt en á þessum hluta þess er ekki um að ræða þær sérstöku landslagsgerðir, landslag, jarðmyndanir eða náttúruminjar sem vernda á sérstaklega.

12.5 SJÓVARNARGARÐAR, SKÝRINGARUPPDÆTTIR

Framlengja þarf sjóvarnargarð sem nú er á móts við byggðina á Árskógssandi um 100-120 m til austurs til þess að verja sjávarkambinn þar sem fyrirhugað er að hafa eldisker.

FYRIRLIGGJANDI STEFNA

Hér eru dregin saman þau atriði úr stefnu aðalskipulagsins, sem geta átt við breytingu þessa og deiliskipulag svæðisins.

3.1 LEIÐARLÓS

Í Dalvíkurbyggð skulu vera góð búsetuskilyrði fyrir alla. Þar skal vera öflugt, fjölbreytt og framsækið atvinnulíf sem m.a. byggist á sérstöðu svæðisins, sterkum sjávarútvegi og fullvinnslu sjávarafurða, nýsköpun í landbúnaði og menningar- og náttúrutengdri ferðapjónustu.

Umhverfismál, náttúruvernd og tengsl við sögu og söguminjar skulu höfð að leiðarljósi við skipulag og uppbyggingu byggðar og atvinnulífs.

3.2 MEGINMARKMIÐ

ÞORPIN


- Fjölbreytni verði í lóðaframboði á Árskógsströnd, þ.e. íbúðarlóðir, iðnaðarlóðir og búgarðalóðir.

ATVINNULÍF

- Bæjarstjórn leggur áherslu á fjölbreytt og öflugt atvinnulíf sem byggist m.a. á mannauði, gæðum lands og sjávar, aðdráttaraflí náttúrufegurðar og menningarlífs. Stuðlað verði að nýsköpun sem m.a. byggist á hugviti og hátækni í sjávarútvegi og fullvinnslu sjávarafurða, landbúnaði, iðnaði, ferðapjónustu og öðrum þjónustugreinum.
- Leggja skal áherslu á snyrtilegt umhverfi og góðan frágang athafnalóða og fyrirtækja.

Á Árskógssandi er gert ráð fyrir athafnalóðum vestan íbúðarbyggðarinnar. Hér er um að ræða nýja lóð fyrir atvinnustarfsemi sem stuðlar að auknu atvinnuframboði og fjölbreytni.

GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRAETTIR



6. mynd. Þéttbýlisuppdráttur Árskógssands. Skipulagssvæði rauðmerkt.



7. mynd. Hluti sveitarfélagsuppdráttar. Skipulagssvæði rauðmerkt.

3.3 SVÆÐISSKIPULAG EYJAFJARÐAR 2012-2024

Svæðisskipulag Eyjafjarðar tekur til nokkurra afmarkaðra þátta sem ekki eiga við viðfangsefni þessarar breytingar. Breytingin snertir því ekki stefnu eða ákvæði svæðisskipulagsins.

3.1 LEIÐARLIÓS

Eyjafjarðarsvæðið verði öflug heild í heilnæmu umhverfi með traustu atvinnulífi, sterkum innviðum og fjölbreyttum búsetukostum. Íbúar hafi jöfn tækifæri til að nýta sér kosti og möguleika svæðisins, óháð búsetu, en það stuðlar að samkennd þeirra.

3.4 LANDSSKIPULAGSSTEFNA

Eftirtalin ákvæði landsskipulagsstefnu geta átt við breytingu þessa og fyrirhugaða starfsemi:

LEIÐARLIÓS

Að skipulag byggðar og landnotkunar styðji **samkeppnishæfni** landsins alls og einstakra landshluta.

3.2 SJÁLFBÆRT SKIPULAG ÞÉTTBÝLIS

Skipulag byggðar stuðli að sjálfbærri þróun þéttbýlisstaða með þétttri, samfelldri byggð, endurskipulagningu vannýtttra svæða og eflingu nærsamfélags. **Uppbygging íbúðar- og atvinnuhúsnaðis verði í samræmi við þarfir samfélagsins á hverjum tíma og til framtíðar**

3.2.1 VÖXTUR ÞÉTTBÝLISSTAÐA

Sveitarfélög skilgreini í aðalskipulagi vaxtarmörk þéttbýlisstaða með það fyrir augum að efla viðkomandi þéttbýlisstað og standa vörð um verðmæt náttúrusvæði og landbúnaðarland. Skýr skil verði milli þéttbýlis og dreifbýlis. Almennu verði haft að leiðarljósi að þetta byggð og **blanda atvinnustarfsemi, verslun og þjónustu, og tengja við íbúðarbyggð** í þágu sjálfbærni daglegs lífs og aukinna lífsgæða.

3.2.2 HAGKVÆM UPPBYGGING

Í skipulagsáætlunum sveitarfélaga verði mörkuð stefna um **uppbyggingu íbúðar og atvinnuhúsnaðis** sem taki mið af fyrirsjáanlegum þörfum samfélagsins og lýðfræðilegum breytingum til framtíðar.

3.4 SAMKEPPNISHÆF SAMFÉLÖG OG ATVINNULÍF

Skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að **samkeppnishæfni og eflingu samfélags og atvinnulífs**

3.4.1 ÖFLUGIR INNVIÐIR

Skipulagsgerð sveitarfélaga stuðli að **uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar**, með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og öflugum innviðum. Sérstaklega verði hugað að **fjölbreytni atvinnulífs með tilliti til þols gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum**.

4.1 SJÁLFBÆR NÝTING AUÐLINDA

Skipulag nýtingar á haf- og strandsvæðum grundvallist á heildarsýn á málefni hafsins þar sem viðhaldið verði heilbrigði, líffræðilegri fjölbreytni og framleiðslugetu hafsins. Skipulagsákvæðanir um staðbundna nýtingu á haf- og strandsvæðum byggist á vistkerfisnálgun og stuðli þannig að viðhaldi vistkerfa og sjálfbærri nýtingu auðlinda

Uppbygging atvinnulífs og ný atvinnutækifæri, sem byggjast á staðhættum sem falla vel að fyrirhugaðri starfsemi styðja við markmið um eflingu byggðar, þéttbýlisstaða og samfélaga.

4. MEGINATRÍÐI BREYTINGA

4.1 BREYTINGAR Á SKIPULAGSUPPDRÁTTUM

- Mörkum þéttbýlisuppdráttar er breytt og verða þau í miðri Þorvaldsdalsá. Svæði fyrir seiðaeldisstöð verður þá innan þéttbýlisuppdráttar í stað þess að vera á landbúnaðarsvæði L1. Breytingin er m.a. gerð til þess að nýr landnotkunarreitur verði afmarkaður með nákvæmni þéttbýlisuppdráttar, sem ekki er gerlegt með mælikvarða sveitarfélagsuppdráttar.
 - Breyting kemur bæði fram á sveitarfélagsuppdrætti aðalskipulagsins og þéttbýlisuppdrætti Árskógssands.
- Hverfisverndarsvæði 807-Hv er minnkað neðst við ósa Þorvaldsdalsár og miðast við breytt þéttbýlismörk.
- Nýr landnotkunarreitur fyrir athafnasvæði verður skilgreindur milli byggðar á Árskógssandi og Þorvaldsdalsár. Sérstök ákvæði verða um viðkomandi starfsemi á reitnum, m.a. að hann verði ekki nýttur undir aðra starfsemi en seiðaeldi.
- Gerð verður grein fyrir vatnslögn frá vatnstökusvæði upp með Þorvaldsdalsá að athafnasvæðinu.
- Nánari ákvæði verði sett um svæði 807-Hv sem heimili vatnstöku og lagningu vatnslagnar að uppfylltum ákvæðum hverfisverndarinnar.

4.2 BREYTINGAR Á GREINARGERÐ

Engin breyting er gerð á almennum texta greinargerðarinnar.

KAFLI 4.7 ATHAFNASVÆÐI

- Nýr landnotkunarreitur á þéttbýlisuppdrætti Árskógssand. Skipulagsákvæði miðast við starfsemi eldistöðvar. Landnotkunarreiturinn verður á landi í eigu Dalvíkurbyggðar.

KAFLI 5.1 NÁTTÚRUVERNDARSVÆÐI, UNDIRKAFLI: HVERFISVERNDARSVÆÐI

- **807-Hv, Brúarhvammur, Svínakeldur við Þorvaldsdalsá.**
- Svæðið verður minnkað um ca 2,5-3 ha neðst við ósa árinna. Ákvæði um heimild til vatnstöku innan hverfisverndarsvæðisins og vatnslögn að eldistöðinni.

ANNAÐ

- Uppdrættir og skýringarmyndir í greinargerð verði uppfærðar þar sem breytingin er sýnileg s.s. yfirlitsuppdráttur hverfisverndarsvæða á Árskógsströnd í kafla 5.1.
- Uppfæra þarf skýringaruppdrátt í kafla 12.5, sem sýnir sjóvarnargarða á Árskógssandi.

4.3 DEILISKIPULAG

Samhliða aðalskipulagsbreytingu verður unnið að gerð deiliskipulags fyrir seiðaeldisstöðina og á lýsing þessi einnig við þann verkþátt eftir því sem við á.

5. ÁHRIFAMAT, UMHVERFISSKÝRSLA

Fyrirhuguð breyting felur í sér heimildir til framkvæmda, sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum og eru tilkynningaskyldar til sveitarfélagsins. Breytingin fellur því undir ákvæði laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

LÍKLEG UMHVERFISÁHRIF AF REKSTRI STÖÐVARINNAR ERU:

- Stöðin verður sýnileg frá næstu íbúðarhúsum.
- Mannvirki þrengja að Þorvaldsdalsá. Gera þarf ráð fyrir opinni gönguleið meðfram ánni.
- Stöðin verður innan hverfisverndarsvæðis. Þessi hluti hverfisverndarsvæðisins nýtur verndar sem útivistarsvæði, opið land meðfram ánni, en sérstakar landslagsgerðir, jarðmyndanir og náttúrumínjar eru ofar með ánni og bera ekki skaða af uppbyggingunni.
- Framkvæmdir á uppbyggingartíma. Tímabundin áhrif.
- Umferð. Aðföng, starfsfólk.
- Lenging sjóvarnargarðs mun hafa áhrif á strönd/malarkamb við ósa árinna. Þar er nú landbrot.
- Ferskvatns verður afluð úr brunni eða borholu upp með Þorvaldsdalsá. Ekki er gert ráð fyrir vatnstöku úr ánni.
- Framkvæmdin mun ekki hafa áhrif á fiskgengd í ánni.
- Fuglavarpi er sjaldséð á þessu svæði, endur halda sig að mestu ofan þjóðvegna en mávar og hrafnar á ferð eins og gerist við ströndina. Ekki er líklegt að framkvæmdin hafi áhrif á fuglalíf.
- Allt frárennsli frá stöðinni verður leitt í gegnum fiskheldar ristar sem tryggja að seiði sleppi ekki frá stöðinni.
- Ekki er hægt að útiloka að sníkjudýr eins og t.d. costia, geti borist inn í startfóðurs- og smáseiðadeild og þá þarf að blanda formalíni í vatnið til að drepa sníkilinn. Flestar seiðaeldisstöðvar þurfa einstaka sinnum á slíkum aðgerðum að halda.
- Notkun lyfja: Engin lyf hafa verið notuð í íslensku fiskeldi síðan 2011. „Engin sýklalyf voru notuð í hefðbundnu fiskeldi árið 2015 og er það fjórða árið í röð sem engin lyf eru notuð við eldi lax, bleikju, regnbogasilungs, senegalflúru, hekluborra og sandhverfu sem er fádæma góð staða.“² Gert er ráð fyrir að engin lyf eða óvistvæn efni verði notuð við eldið. Öll seiði verða bólusett fyrir helstu sjúkdómum.
- Fráveita: Miðað er við að um 70% vatns/sjávar sem notað verður við eldið verði endurnýtt, hreinsað, loftað og súrefnisbætt fyrir endurnotkun. Gert er ráð fyrir að um 50% úrgangsefna náist úr frárennsli og fari í sérstakan söfnunartank sem verður tæmdur reglulega af viðurkenndu fyrirtæki, sem sér um förgun úrgangsefna. Miðað við 50% hreinsun má áætla að allt að 78 tonn af lífrænum úrgangsefnum fari í sjóinn á ári. Frárennsli verður leitt í lögn 80-150 m út fyrir stórstraumsfjöruborð í norðaustur. Nánari grein er gerð fyrir fráveitu, hreinsun og förgun í tilkynningu vegna mats á umhverfisáhrifum.
- Eftirlit og vöktun verður skilgreind í starfsleyfum viðkomandi stofnana.

Nánari grein verður gerð fyrir líklegum umhverfisáhrifum í tilkynningu um starfsemina til Skipulagsstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum auk þess sem ágrip verður í umhverfisskýrslu aðalskipulagsbreytingarinnar.

² Mast, Matvælastofnun. Ársskýrsla dýralæknis fiskisjúkdóma á Íslandi 2015.

6. SKIPULAGSFERLI

6.1 KYNNING OG SAMRÁÐ

Með framlagningu og kynningu lýsingar þessarar er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við mótnun þessarar aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulags áður en gengið verður frá skipulagstillögum og þær auglýstar.


Lýsingin verður auglýst og kynnt í janúar 2017 og send umsagnaraðilum. Lýsingin mun liggja frammi í þjónustuanddyri Ráðhúss Dalvíkurbyggðar og á vef Dalvíkurbyggðar www.dalvik.is

UMSAGNARAÐILAR:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin
- Matvælastofnun, dýralæknir fisksjúkdóma
- Hafrannsóknarstofnun

6.2 TÍMAÁÆTLUN

- Lýsing lögð fyrir umhverfisráð og sveitarstjórn í janúar 2017.
- Kynning lýsingar fyrir almenningi og umsagnaraðilum. Auglýsing og almennur íbúafundur. Janúar 2017.
- Drög að breytingu á aðalskipulagi, breytingarblað, afgreitt af sveitarstjórn til auglýsingar í febrúar 2017.
- Eftir að samþykkt hefur verið að auglýsa tillöguna skal hún send Skipulagsstofnun til yfirferðar. Febrúar 2017 (hámark 4 vikur).
- Unnið verður að deiliskipulagi samhliða aðalskipulagsbreytingu.
- Auglýsing, 6 vikna athugasemdafrestur. Aðalskipulagsbreyting og tillaga að deiliskipulagi, mars-apríl 2017.
- Yfirferð og afgreiðsla athugasemda, apríl-maí 2017.
- Aðalskipulagsbreyting samþykkt í sveitarstjórn, maí 2017.
- Aðalskipulagsbreyting staðfest af Skipulagsstofnun, maí 2017.
- Gildistaka aðalskipulagsbreytingar auglýst í B-deild Stjórnartíðinda, maí 2017.



Unnið verður að gerð deiliskipulags fyrir svæðið á sama tíma. Kynning og samráð vegna þess er áformað í janúar og febrúar 2017 þannig að unnt verði að auglýsa deiliskipulagstillögu á sama tíma og breytingu á

aðalskipulagi. Ekki verður gengið frá samþykkt deiliskipulags fyrr en aðalskipulagsbreyting hefur verið staðfest.

Stefnt er að auglýsingu aðalskipulagsbreytingar og tillögu að deiliskipulagi í mars 2017. Athugasemdafrestur verður 6 vikur. Stefnt er að staðfestingu aðalskipulagsbreytingarinnar og gildistöku deiliskipulags í maí 2017.

6.3 ÁBENDINGAR OG ATHUGASEMDIR

Ábendingum og athugasemdum við lýsingu þessa skal skila skriflega innan þriggja vikna frá auglýsingu lýsingarinnar til sviðsstjóra umhverfis- og tæknisviðs, Ráðhúsinu, 620 Dalvík, eða á netfangið borkur@dalvikurbyggd.is.